

## Stjórnarfundur STEFs 25. apríl 2022

### Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs fimmtudaginn 25. apríl 2022 og hófst hann kl. 10:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Páll Ragnar Pálsson, Sigríður Thorlacius og Sigurður Flosason. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 3. mars, svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram og meðfylgjandi skjöl:
  - a) IHM – Gagngreinargerð STEFs.
  - b) Spurningar til hagsmunaaðila vegna innleiðingar DSM-tilskipunar.
  - c) Drög að bréfi til Menningarmálaráðuneytis vegna endurnýjunar viðurkenningar STEFs.
3. Verkferill við mat á verkum vegna ágreinings.
  - Minnisblað lagt fram með drögum að verkferlum.

Samþykkt var að fylgja tillögum minnisblaðsins og samþykkja þann feril sem þar er settur fram, sem reglur STEFs um mat á líkindum verka. Sett verður á dagskrá næsta stjórnarfundar að tilnefna einn viðbótaraðila í *Matsnefnd* STEFs.

4. Þjónustukönnun STEFs 2022.
  - Lögð fram drög að spurningum fyrir þjónustukönnun. Stjórnarmenn komu með tillögur að nokkrum viðbótarspurningum. Samþykkt var að leggja könnunina fyrir meðlimi STEFs með þessum viðbótarspurningum.
5. Tillögur til menningarmálaráðherra – útrás í formi lagahöfundabúða.
  - Minnisblað lagt fram og rætt og samþykkt að senda það til ráðherra.
6. Úthlutun á sérstöku framlagi stjórnvalda vegna tekjuhruns tónhöfunda.
  - Endanlegar úthlutunarreglur lagðar fram – samþykktar af ráðuneytinu.

Úthlutunarreglurnar sem voru samþykktar af stjórn STEFs á síðasta stjórnarfundum voru nú lagðar fram að nýju með nokkrum breytingum. Voru þær samþykktar aftur af stjórn í endanlegu formi.

7. Endurskoðun úthlutunarreglna – í framhaldi af fulltrúaráðsfundi STEFs í desember.
  - a. Drög að endurskoðuðum úthlutunarreglum (bæði hreint eintak og eintak sem sýnir breytingar lagt fram).
  - b. Tillögur endurskoðunarnefndar varðandi flokkunarkerfi lagðar fram.

Nokkur umræða fór fram um tillögur endurskoðunarnefndarinnar og kom stjórn með nokkrar tillögur til breytinga á skjalinu sem vísað er til nefndarinnar.

Ákveðið var að kanna hvort stjórn væri einhuga um hvaða leið yrði farin varðandi flokkunarkerfið og kom í ljós að stjórn var sammála um að mæla með þeirri leið að afnema flokkunarkerfið og að í staðinn komi „Stórverkasjóður“, sem nánar er mælt fyrir um í fyrirleggjandi skjali.

8. Fulltrúaráðskosningar og undirbúningur aðalfundar.

- a. Lagt fram bréf það sem sent var með kjörgögnum.
- b. Lagðar fram niðurstöður fulltrúaráðskosninga.
- c. Lagt fram fundarboð aðalfundar fulltrúaráðs.
- d. Breytingar á samþykktum STEFs – tillaga um breytingu á tilhögun kosninga í fulltrúaráð (rafræn kosning) og varamann lögð fram að nýju.
- e. Breytingar á úthlutunarreglum (sjá lið 6).
- f. Aðrar tillögur fyrir fundinn (um kosningu skoðunarmanna og stjórnarlaun).

Farið var yfir drög að fundarboði aðalfundarins og það samþykkt með smávægilegum breytingum.

Þá var samþykkt að fara í stjórnarkjör á fundinum með rafrænum hætti (með *Survey Monkey*) jafnvel þótt ekki væri um fjarfund að ræða.

Þá var farið yfir tillögur stjórnar til fundarins varðandi skoðunarmenn og stjórnarlaun og þær samþykktar.

Nokkuð var rætt um niðurstöður fulltrúaráðskosninganna og þá sérstaklega hlutfall kvenna innan fulltrúaráðsins og stjórnar STEFs. Þá var nokkur umræða um kosningakerfið sjálft og tengingu milli fjárhagslegra hagsmuna og atkvæðavægis. Þá var sérstaklega minnst á að e.t.v. geri meðlimir STEFs sér ekki grein fyrir því, að með kosningu í fulltrúaráð sé í raun verið að kjósa stjórn STEFs. Verður reynt að kynna þetta atriði betur í næstu kosningum.

9. Sjálfsmat stjórnar

Ákveðið var að fresta þessum lið til næsta fundar.

10. Önnur mál.

- a) Beiðni um styrk vegna viðburðar – *Kventónskáld í sviðsljósinu* (kvikmyndatónskáldasýning í samstarfi við *Feminist Film Festival*).

Ákveðið var að fresta afgreiðslu þessarar styrkbeiðni til næsta fundar.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:30.